



Deildarnámskrá Þrymheims

Símanúmer deildar: 414-3747

GSM: 626-5532

Tölvupóstfang Þrymheims: helen@akmennt.is

Efnisyfirlit

Velkomin á Þrymheim!	3
Upplýsingagjöf til foreldra:.....	3
Almennt um deildina:	3
Áherslur deildarinnar og námssvið leikskóla:.....	4
Læsi og samskipti.....	4
Heilbrigði og velferð	4
Sjálfbærni og vísindi	5
Sköpun og menning	5
Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi	6
Lykilatriði:	6
Vistunartími:.....	6
Veikindi barna:.....	6
Lyfjagjöf:.....	6
Fatnaður:.....	7
Afmælis dagar barna:.....	7
Welcome to Þrymheimur!	8
Information for parents:.....	8
General information about the class:	8
Class focus and fields of study according to the Icelandic main curriculum for kindergartens:.....	9
Literacy and communication	9
Health and well-being.....	9
Sustainability and science	10
Creativity and culture	11
Equality, democracy and human rights	11
Key points:.....	11
Length of stay:	11
Illnesses:.....	12
Medications during schooltime:	12
Clothing:	12
Children's birthdays:	13



Velkomin á Þrymheim!

Kæru börn og foreldrar, velkomin á Þrymheim. Þetta bréf er ykkur til upplýsingar um áherslur deildarinnar sem byggja á grunnþáttum menntunar úr Aðalnámskrá leikskóla ([hér má finna aðalnámskrár](#)). Einnig fylgja ábendingar um góðan klæðnað barnanna til útiveru og hvernig tilkynningum um barnið skuli háttað s.s vegna leyfa og veikinda. **Kynnið ykkur vel kaflann um lykilatriði.**

Upplýsingagjöf til foreldra:

Tússtaflan í forstofunni er fyllt út eftir hvern dag. Vikulega er sendur tölvupóstur þar sem helstu viðfangsefni barnanna koma fram og aðrar tilkynningar frá kennurum sem snerta starf leikskólans. Jafnframt notum við Karellen til þess að senda foreldrum skilaboð og skiptast á upplýsingum.

Foreldraviðtöl eru að hausti og aftur að vori. Alltaf er hægt að biðja um viðtöl þess utan sé þess óskað. Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst eða grípa okkur á vinnutíma til þess að ræða barnið. Varðandi viðkvæm málefni þá hvetjum við ykkur til þess að sækjast eftir fundi með deildarstjóra eða sérkennslustjóra.

Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað í leikskólanum og einnig útifatnað sem hæfir veðri hverju sinni. Einnig er mikilvægt að merkja fatnað barnanna vel.

Á [vefsíðu Íðavallar](#) má finna allar helstu upplýsingar um starf leikskólans, skólanámskrá, starfsmannafundi og aðrar áætlanir sem [nauðsynlegt](#) er fyrir foreldra að kynna sér.

Almennt um deildina:

Starfsfólk Þrymheims leggur áherslu á að fylgja börnunum eftir og ýta undir áhugahvöt þeirra í leik og námi. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar, tilrauna og jákvæðra samskipta svo sjálfstraust þeirra og félagsfærni eflist. Jafnframt er starfað eftir gildum leikskólans sem eru *Virðing - Velliðan - Sköpun*.

Mikilvægt er að samstarf milli heimilis og skóla sé gott. Rannsóknir hafa sýnt að samvinna á milli heimilis og skóla stuðlar að vellíðan og öryggi barnanna. Með góðu samstarfi erum við að styrkja vitsmunabroska barnanna, sjálfstæði þeirra, vellíðan og félagsfærni. Það er því til mikils að vinna.

Áherslur deildarinnar og námssvið leikskóla:

Prymheimur starfar eftir áherslum í Menntastefnu Akureyrarbæjar, Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Iðavallar sem er í stöðugri þróun ([sjá skólanámskrá Iðavallar hér](#) og [menntastefnu Akureyrar hér](#)).

Læsi og samskipti

Prymheimur vinnur markvisst með námsefnið [Lubbi finnur málbein](#) og [Orðaleik](#). Hljóðanámið *Lubbi finnur málbein* byggist m.a. á samþættingu sjón-, heyrnar- og hreyfiskyns sem auðveldar vistun hljóða í minni barna og hraðar tileinkun hljóðanna. Ásamt því vekur hundurinn Lubbi áhuga barnanna og gerir hljóðanámið skemmtilegt og fjölbreytt. Hljóðanámið fléttast auðveldlega inn í dagskipulag leikskólans s.s. samverustundir og hópastarf.

Orðaleikur er námsefni fyrir leikskólabörn sem læra íslensku sem annað tungumál. Námsefnið hentar þó öllum leikskólabörnum og er nýtt sem slíkt. Orðaleikur er m.a. notaður til þess að efla orðaforða barna og hafa dagskipulag deilda sýnilegt og myndrænt á veggjum deildarinnar. Orðaleikur gefur tækifæri til aukinna samskipta og tjáningar barnanna.

Skimunarverkfæri deildarinnar eru TRAS og MIO. TRAS er skráning á málþroska barna og er gerð á 6 mánaða fresti. Þar er fylgst með málþroska barnanna s.s. málskilningi, orðaforða, félagsfærni, athygli og tjáskiptum svo eitthvað sé nefnt. Með TRAS er skimað eftir frávikum í mál- og félagsþroska þannig hægt sé að efla þá þætti sem á þarf að halda. Skimunarefnið MIO er skráning á stærðfræðiþroska barna og er gerð árlega. Þar er m.a. fylgst með getu barnanna til þrautalausna, rúmfræði og talningar sem gefur niðurstöður um styrkleika og veikleika barnanna. Tekið er mið af þessum einstaklingsskráningum í starfi deildarinnar til þess að bæta kennslumhverfi barnanna og efla starfsfólk í vinnu sinni með börnunum svo það sé öllum til framdráttar.

Heilbrigði og velferð

Áhersla er lögð á jákvæð samskipti svo að börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum. Við erum kurteis, tökum vel á móti öllum og bjóðum góðan dag og kveðjum í lok dags. Við hvetjum börnin til þess að setja orð á tilfinningar sínar og nota tungumálið sín á milli í samskiptum, þannig styrkist orðaforði þeirra, félagsfærni og sjálfstæði. Mikil áhersla er lögð á tilfinninganámið á deildinni og leiðbeinir starfsfólk deildarinnar börnunum m.a. í tilfinningastjórn með því að sýna þeim gott fordæmi og setja orð á eigin tilfinningar í vinnu sinni. Einnig eru lesnar sögur þar sem áhersla er á tilfinningar, rætt er um tilfinningar í tengslum við daglegar athafnir og börnin eru hvött til að segja frá tilfinningum, bæði sínum eigin og upplifun þeirra af tilfinningum annarra, svo dæmi séu tekin.

Lagt er upp með góðan handþvott og talað fyrir mikilvægi þess í smitvörnum fyrir okkur sjálf og aðra. Börnin eiga a.m.k. að þvo sér um hendur þegar þau koma í skólann, eftir klósettferðir og eftir útiverur. Börnin njóta aðstoðar í byrjun, sem svo hægt og rólega dregur úr þegar færni þeirra eykst og þau verða meðvituð um eigið hreinlæti.

Hvöld er mikilvæg í annasömu lífi ungra barna. Á Þrymheimi er hópnum skipt í tvennt í hvíldarstundum til að mæta ólíkum þörfum barnanna. Í innra herbergi deildarinnar eru þau börn sem þurfa svefn en frammi er hinn hópurinn sem þarf þess síður. Í síðarnefnda hópnum er tekið mið af dagsformi barnanna og starfsmenn finna viðfangsefni sem hæfa börnunum á þeim tíma líkt og bóklestur eða tónlist með áherslu á að njóta rólegrar stundar.

Útivera er börnum mikilvæg til eflingar á hreyfiproska og frjáls leiks í umhverfi sem reynir á þau. Leiksvæði Iðavallar er stórt og býður upp á ýmskonar hreyfingu og útinám í gegnum leik.

Sjálfbærni og vísindi

Lögð er áhersla á sjálfshjálp barnanna. Þau skammta sér sjálf á disk í matsalnum og þeim kennt að huga um leið að matarsóun þ.e. að börnin skammti sér hæfilegu magni og fái sér frekar oftár á diskinn. Í forstofunni sækja börnin fötin sín sjálf í hólfin og klæða sig eftir bestu getu. Um leið er þeim kennt að ganga vel um hólfin sín og sýna öðrum tillitssemi í umgengni.

Börn þurfa að læra að vera sjálfum sér nóg. Í frjálsum leik fara fram mikil samskipti barna á milli. Í honum eru börnin að máta sig við ýmis hlutverk sem glíma þarf við í daglegu lífi. Við hvetjum börnin til þess að ræða saman ef upp koma árekstrar og leiðbeinum þeim eftir þörfum.

Á Þrymheimi er lögð áhersla á sköpun barnanna í leik þeirra og starfi. Leikefni sem eflir og reynir á rýmisgreind og rökhugsun er aðgengilegt á deildinni. Í boði er fjölbreyttur efniviður sem hæfir aldri og þroska.

Lóð leikskólans gefur af sér efnivið sem er nýtt til náttúruverkefna. Á haustin eru týnd lauf, greinar, ber og annað sem til fellur og nýtt í sköpunarvinnu barnanna, ýmist í föndur eða nánari athugun s.s. með myndvarpa, á ljósabörði eða með stækkunargleri.

Á deildinni nýtum við okkur snjalltækni og forrit í spjaldtölvum í fjölbreytta vinnu með börnunum.

Sköpun og menning

Á Þrymheimi söfnum við hluta af verkefnum barnanna í ferilmöppur þeirra sem eru þeim aðgengilegar til skoðunar. Ferilmappan byggist á hugmyndafræði Reggio Emilia og geymir skráningar starfsmanna á verkefnum, leik og hugmyndum barnanna ásamt uppkomum tengdum deildinni. Foreldrum er svo boðið að fletta þeim í viðtölum og við lok leikskólagöngunnar fer mappan heim með börnunum.

Á deildinni er efniviður til sköpunar aðgengilegur s.s. litir, pappír, skæri, málning, perlur, leir og ýmist leikefni til hlutverkjaleika og stuðnings við frjálsan leik barnanna. Leikskólum ber að örva skynjun barna og styðja við sköpunarkraft þeirra. Því reynum við eftir fremsta megni að gera börnunum kleift að nálgast þennan efnivið til sköpunar út frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.



Börnin á deildinni fara reglulega í listasmiðju þar sem þau fást við fjölbreytt verkefni undir handleiðslu kennara. Afrakstur þessara stunda er ýmist nýttur í sameiginleg verkefni barnanna í leikskólanum s.s. til tækifærisgjafa, á veggi leikskólans börnunum til yndisauka, í ferilmöppur þeirra eða til eignar sem þau taka með sér heim í lok vikunnar.

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Þrymheimur starfar eftir [Barnasáttmálanum](#). Við höfum ávallt í huga hvernig ákvarðanir okkar fullorðinna geta haft áhrif á börnin og höfum hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Sköpuð eru tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og eflast á eigin forsendum með ást og umhyggju. Kennarar deildarinnar sjá til þess að börnin nýti rödd sína hvort sem þau eru í frjálsum leik, við val á leikefni, í samskiptum þeirra á milli og tryggja að á börnin sé hlustað. Við leiðbeinum börnunum þegar árekstrar verða, sýnum þeim að tilfinningar eiga rétt á sér og að grípa þurfi stundum til málamiðlana til úrlausna. Börnin læra það með tíð og tíma að með opnum samskiptum og því að sýna hvert öðru virðingu og skilning má finna lausnir þrátt fyrir árekstra.

Lykilatriði:

Áriðandi er að lesa vel yfir þennan kafla. Margt er feitletrað til að undirstrika mikilvægi þess. Hér á eftir fara upplýsingar um verklag deildarinnar s.s. vegna veikinda barna, lyfjagjafa, fatnað barnanna, afmælisdaga og leikföng. Minnt er á að **taupokar eru nauðsynlegir** í hólf barnanna!

Vistunartími:

Virða þarf keyptan vistunartíma barnanna.

Þegar barn er sótt skal láta deildarstarfsmann vita.

Börn yngri en 12 ára mega **ekki** sækja á leikskólann.

Morgunmat lýkur alla daga klukkan **8:30**.

Veikindi barna:

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum.

Tilkynna þarf veikindi barns til deildarinnar með því að hringja eða nota Karellen.

Börnin eiga að mæta fullfrísk í leikskólann eftir veikindi – miða skal við að barn sé heima, **hitalaust í minnst sólarhring** áður en það mætir aftur í leikskólann.

Innivera fyrir eða eftir veikindi barna er **ekki** leyfð – við notum síðust út, fyrst inn.

Lyfjagjöf:

Almennt eru lyf, húðkrem eða aðrar meðferðir **ekki gefnar** í leikskólanum – snúið ykkur til deildarstjóra ef um sérstök tilfelli eru að ræða.

Fatnaður:

Við leitum sérstaklega eftir samvinnu ykkar hér – því börnin **klæða sig sjálf** og það reynist þeim erfitt að velja úr of miklum fatnaði í hólfum þeirra sem getur skapað togstreitu innra með þeim. Hafið **ekki mikið magn** af fatnaði í hólfum barnanna.

Föt barnanna skulu vera **vel merkt** og endurspeгла veðráttuna úti. Mikilvægt er að yfirfara hólfni þeirra í lok dags og gæta þess að aukaföt séu til staðar í aukakassa þeirra í forstofunni.

Dæmi um hæfilegt magn fatnaðar í hólfi:

Föt í aukakassa:

Sumar	Vetur	Aukaföt
Pollaföt	Snjógalli	2 peysur
Stígvél	2 pör af hlýjum vettlingum	2 buxur
Húfa	Pollaföt	2 bolir
Hlý peysa	1 par pollavettlingar	4 pör af sokkum
Strigaskór	Stígvél	4 nærbuxur
Buff	Kuldaskór	
2 pör vettlingar	2 pör af húfu	
Hlýjar buxur/hlífðarbuxur	Hlý peysa og hlýjar buxur	
	1 par ullarsokkar	

Afmælis dagar barna:

Haldið er upp á afmælisdaga barnanna með söng og ávöxtum.

Afmælisboðum **skal ekki** dreifa í hólfi barnanna í leikskólanum, leitið til starfsfólks. Vettvangur fyrir afmælisboð er á [foreldrasíðu Iðavallar](#) á Facebook.

Welcome to Þrymheimur!

Dear children and parents, welcome to Þrymheimur. This document provides you with information about the classroom's priorities, which are based on the basic aspects of education from Iceland's Main Curriculum for kindergartens ([Aðalnámskrá leikskóla](#)). There are also tips on appropriate clothing for the children for outdoor activities and how you can notify the teachers about issues regarding your children, for example, vacation days and illness. We want to ask you to familiarize yourself especially with the ***key points*** section.

Information for parents:

We write on the white board in the foyer every day, both about what we are doing and important messages and reminders. We send an e-mail weekly with information about the projects we have been working on and other information regarding the schoolwork. We also use Karellen to send messages and exchange information.

Parent-teacher meetings are in the fall and again in the spring. It's also always possible to request a meeting with the teachers and we will find a time. You can also contact us via e-mail or talk to us when you see us during drop-off/pick-up time. Regarding sensitive issues, we encourage you to ask for a meeting with the head teacher of the class or the head of special education.

It's necessary to have extra clothing and outdoor clothing that are appropriate for the weather in the kindergarten. The extra clothing goes in the boxes located in the foyer and the outdoor clothing in the clothing compartments in the foyer. It's very important to label the clothes well.

On Iðavöllur's website <http://idavollur.is/> you are able to find all the main information about the work of the preschool, the school curriculum, staff meetings and other documents that are necessary for parents to familiarize themselves with.

General information about the class:

The staff in Þrymheimur focuses on encouraging the children in their play and following their interests in play and studies. The children are encouraged to experiment, have positive interactions and to be independent in daily tasks. That way their confidence and social skills are enhanced. We work according to Iðavöllur's values, which are: Respect – well-being – creativity.

It's important that there is good cooperation between home and the school. Research has shown that good cooperation between home and school contributes to children's well-being and safety. Through good cooperation, we strengthen the children's intellectual development, their independence, well-being and social skills. This shows that there is a lot to gain from good cooperation.

Class focus and fields of study according to the Icelandic main curriculum for kindergartens:

Þrymheimur works according to the Education Policy of Akureyri, the main curriculum for kindergartens in Iceland and the school curriculum of Iðavöllur, which is constantly evolving ([see the curriculum of Iðavöllur here](#) and [Education policy of Akureyri here](#)).

Literacy and communication

Þrymheimur uses the learning material of Lubbi [Lubbi finnur málbein](#) and [Orðaleikur](#). The phonics study [Lubbi finnur málbein](#) is based, among other things, on the integration of visual, auditory and motor senses, which facilitates the storage of sounds in children's memory and accelerates the assimilation of the sounds. Lubbi the sheep dog interests the children and makes phonics learning fun and diverse. The phonic studies entwines well with the school's daily activities, for example circle time and group work.

Orðaleikur is originally created as study material for children aged 1-6 who have Icelandic as a second language. However, the material suits all children in kindergarten and we use it with all of them. We use Orðaleikur to improve the children's vocabulary and to have the class' daily schedule visible and graphically on the walls of the classroom. It also provides an opportunity for increased communication and expression of wants and needs.

The screening tools we use are TRAS and MIO. TRAS is a screening tool for language development and is done every 6 months. There, the children's language development is monitored, e.g. language comprehension, vocabulary, social skills, attention and communication to name a few. It gives results on where the children stand strong and which aspects need to be strengthened. The MIO screening material is an annual record of children's mathematical development. There we, among other things, monitor the children's ability to solve puzzles, geometry and counting, which gives results about the children's strengths and weaknesses. The results are taken into account in the class' work in order to improve the teaching environment for the children's benefit and strengthen the staff in their work with the children.

Health and well-being

In Þrymheimur we emphasize positive communication so that everyone enjoys their stay and feels good here in Iðavöllur. We are polite, we welcome everyone each day and wish everyone a good day in the morning and say goodbye at the end of each day. We encourage the children to talk about their feelings and use the language in communication with each other, that way they strengthen their language skills, social skills and independence. In Þrymheimur we emphasize learning about our feelings and emotions and the staff guides the children for example with controlling their emotions by showing them a good example and put words on their own feelings in their work. We also read stories where the emphasis is on emotions, we talk about emotions in

connection to daily tasks and the children are encouraged to talk about feelings and emotions, both their own and how they perceive other people's emotions, to name a few things.

We make sure to wash our hands well and we talk about the importance of hygiene regarding to staying healthy, both for ourselves and others. The children always wash their hands upon arrival to the school, after using the toilet and after being outside. At first we help the children with the washing and when they get better at washing independently and they better recognize their hygiene, we reduce the help.

Rest is important in the busy days of children's lives. In Þrymheimur we divide the group into two during the resting time to meet different needs of the children. In one room the children who need to sleep rest and in the other room the children who need less sleep have a quiet time. With the group that needs less sleep the teachers take the children's status each day into account to find subjects that suit the children at the time. The subjects are most often reading books and listening to stories or music with the emphasis on enjoying quiet time.

Being outside and free play in an environment that challenges them is important for children's motor development. The outside area in Iðavöllur is big and offers various types of exercise and learning through play.

Sustainability and science

Emphasis is placed on the children's self-help. In the dining hall they put the food they want to eat on a plate themselves and they are taught to take a reasonable portion each time and to rather have more servings than put too much on their plate each time. That way the children learn about food waste and portion sizes that suit their needs. In the foyer, the children collect their own clothes from the outside clothes compartments and dress themselves to the best of their ability. At the same time, they are taught to keep the foyer and their compartments tidy and to show consideration for others when interacting with them.

Children need to learn to be self-sufficient. In free play, there is a lot of communication between children. In their play the children are familiarizing themselves with various roles that have to be dealt with in everyday life. We encourage the children to use their words and talk to each other if conflicts arise and we guide them as needed.

At Þrymheimur, we emphasize the children's creativity in their play and work. Materials that strengthen and test spatial intelligence and reasoning are available in the class room. We have a variety of material available that is suitable for the children's age and development.

We use resources from our surroundings in all kinds of play and creative projects. In the autumn, we for example use fallen leaves, branches, berries and other things for various creative work, crafts or for closer observation, e.g. with a projector, on a light table or with a magnifying glass.

In the department, we use smart technology and applications on tablets for a variety of work with the children.

Creativity and culture

In Þrymheimur we collect a part of the children's school projects to their school portfolios which are accessible to them to view if they want to. The portfolios are based on the ideology of Reggio Emilia and they store records of the children's projects, play and ideas along with events related to the department. Parents can view the portfolios over their child's time in the school and when it's time to graduate from the kindergarten, the children take the portfolios home with them.

Materials for creative work are available in the classroom, e.g. colors, paper, scissors, paint, beads, clay and various materials for role play and other spontaneous play. Kindergartens should stimulate children's perception and support their creativity. Therefore, we try our best to encourage the children to use the material for all kinds of creative work on their own terms.

The children in the classroom regularly go to the art room where they work on a variety of projects under the guidance of teachers. The artwork created in these sessions are e.g. used for joint art projects in the kindergarten, as gifts, to decorate the walls of the kindergarten, in their portfolios or they take the artwork home with them at the end of the week.

Equality, democracy and human rights

Þrymheimur works according to the Convention on the Rights of the Child. We always keep in mind how our decisions as adults can affect the children and have the children's interests as our guiding light.

We create opportunities for all children to grow and develop on their own terms with love and care. The teachers of the classroom make sure that the children use their voices whether they are in free play, when choosing play materials, in communication with each other and they ensure that the children are listened to. We guide the children when conflicts occur, show them that emotions are valid and that sometimes compromises are necessary to find solutions. The children learn over time that through open communication and showing respect and understanding to each other, solutions can be found despite conflicts.

Key points:

It is important to read this chapter carefully. Some text is in bold to emphasize its importance. Below is information about the department's procedures, e.g. due to children's illnesses, medication, children's clothing, birthdays and toys. **Cloth bags are essential** in the children's boxes/outside-clothing compartments.

Length of stay:

It's necessary to stick to the child's registered time.

Always ensure that a staff member of the classroom knows when you pick up and drop off your child.

Children younger than 12 years old **may not** pick the children up from kindergarten.

Breakfast time is from 7:45 until 8:30 each morning.

Illnesses:

Children are supposed to stay at home if they are sick.

Always inform a staff member if the child is staying home from kindergarten due to illness, either by calling or using Karellen.

Children should get to fully recover from an illness at home before coming back to the kindergarten – the child should be at home for 24 hours without any fever before coming back to kindergarten after being sick.

We don't allow staying inside during outdoor playtime after an illness. If necessary, the child can be the last one to go outside and the first one back inside.

Medications during schooltime:

In general, medications, lotions and other treatments are not given in the kindergarten. Please turn to Þrymheimur's head teacher if the case is special.

Clothing:

Here, we especially ask for your cooperation – the children are **encouraged to dress themselves** and it can be hard for them to choose their clothing if their outside clothing compartments are too full. It can cause them to have a hard time deciding and they might feel unnecessary tension because of that. **Please only put clothes in the compartment you think they might need to use that day.**

The clothes should be properly labelled and they should be appropriate for the weather each day. It's important to go over the compartments in the end of each day and to make sure that the children have enough of extra clothing in their boxes in the foyer.

Example of clothing needed:

Föt í aukakassa:

Summer	Vetur	Aukaföt
Rain clothing	Snow suit	1 sweater
Rain boots	2 pairs of warm mittens	2 pants
Light hat/Buff	Rainclothes	2 t-shirts
Warm sweater	Rain gloves	4 pairs of socks
Shoes	Boots	4 underpants
Mittens and rain gloves	Snow boots	



Warm pants/cover pants	2 warm hats	
	Warm sweater and pants	
	Wool socks/warm socks	

Children's birthdays:

We celebrate children's birthdays by singing and with fruits. The birthday child can bring fruits to offer the other children with them.

Birthday invitations should not be given out in the kindergarten, please contact staff for help. The parents' site on Facebook is a good place to send out invitations to birthday parties.